

65 reglugjörðar fyrir Siglufjarðarkaupstað 9. maí 1922 og reglugjörð
3. septbr. um viðauka við sömu reglugjörð frá 12. apríl 1926.

Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, er hjermeð staðfest samkvæmt lögum nr. 64, 3. nóv. 1915 og birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. sept. 1927.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

66 STADFESTING KONUNGS á skipulagsskrá fyrir Barnastyrkt-
11. septbr. arsjóð Kvennfjelags Hvamshrepps til minningar um Guðlaugu Halldórsdóttur frá Suður-Vík, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 14. septbr. 1927. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Barnastyrktarsjóð Kvennfjelags Hvamshrepps til minningar um Guðlaugu Halldórsdóttur frá Suður-Vík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Barnastyrktarsjóður Kvennfjelags Hvamshrepps til minningar um Guðlaugu Halldórsdóttur frá Suður-Vík“, og er stofnaður 1926, á fæðingardag hennar, þ. 8. desbr.

2. gr.

Sjóðurinn er myndaður að tillögum frá nefndu kvennfjelagi og frá einstaklingum fyrir þess forgöngu, og er nú að upphæð kr. 150,00. Leggur fjelagið til hans árlega að minsta kosti 50—100 kr., meðan það er við líði, og tekur við öðrum tillögum eða gjöfum, er honum kunna að hlotnast.

3. gr.

66

Tilgangur sjóðsins er að styrkja munaðarlaus og þurfandi börn^{14. septbr.} í Hvammshreppi (og Víkurhreppi, ef Víkurkaupún yrði sjerstakur hreppur), sumpart með beinum styrk, ef nauðsyn ber til og fje er til taks í sjóðnum, sumpart með ýmiskonar glaðningi við viss tækifæri.

4. gr.

Fje sjóðsins skal geymast og ávaxtast í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Skulu vextir árlega leggjast við sjóðseign, a. m. k. þangað til höfuðstóll hans hefir náð 1000 kr. upphæð. Eftir það má fara að veita úr sjóðnum samkvæmt 3. gr., en þó má eigi skerða höfuðstólinn, en taka má til þess hálfu vextina. Hinn helmingurinn af vöxtunum skal áfram leggjast við eignina, þar til sjóðsfje hefir náð 2000 kr. Úr því má nota alla vextina til styrkveitinga samkvæmt því, er áður segir.

5. gr.

Sjóðurinn stendur undir stjórn Kvennfjelags Hvammshrepps, þannig að stjórnarnefnd hans myndar fjelagsstjórnin með 3 konum, og 2 aðrar fjelagskonur skulu til þess kosnar af aðalfundi fjelagsins á 5 ára fresti. Þessi stjórnarnefnd ákveður og ræður öllum veitingum úr sjóðnum og ber ábyrgð á meðferð hans samkvæmt hjer greindum reglum.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórn hans annast um árlega reikningsgerð hans, er lokið skal fyrir febrúarlok næsta ár eftir á. Sjóðsreikningar, með öllum fylgiskjölum, skulu lagðir undir endurskoðun tveggja manna utan kvennfjelagsins, er Kvennfjelag Hvammshrepps kys þar til á þriggja ára fresti.

7. gr.

Leita skal konungs staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og má henni ekki breyta, nema öll stjórnarnefndin leggi það til og fjelagsfundur samþykki, enda fallist hreppsnefndin í nefndum hreppi á breytinguna; verður þá og að leita staðfestingar á henni. — Hætti Kvennfjelag Hvammshrepps að starfa, fellur sjóðurinn undir stjórn og umsjón hreppsnefndar sama hrepps.